
fréttir

Guðmundur Axelsson, eigandi „Lífshlaupsins":

VILL FÁ 3.1 MILLJÓN KRÓNA FYRIR VERKIÐ

— eða 1.2 milljónir króna og átta málverk að auki



■ „Málið er það að við getum fengið „Lífshlaupið" keypt annað hvort á 3,1 milljón króna, eða 1.2 milljónir króna og látið 8 málverk í eigu borgarinnar ganga upp í kaupin", sagði Björn Friðfinnsson fjármálastjóri borgarinnar, þegar hann var spurður upp á hvað tilboð Guðmundar í Klausturhólum, til borgarinnar hljóðaði.

„Við höfum boðið Guðmundi 1.4 milljónir króna og ekkert annað. Þar stendur málið í dag", sagði Björn.

Borgarráð fjallaði um þetta mál á fundi sínum í gær og var engin ákvörðun tekin í máli þessu. Eins og málið lítur út í skýrslu þeirri sem Björn lagði fram á fundinum í gær, kemur fram að Guðmundur vill láta borgina borga sér ákveðna upphæð og auk þess vill hann að borgin bæti honum allar skattagreiðslur sem hann þyrfti að greiða af sölunni".

Borgarsjóður gerði í tilboði sínu til Guðmundar þann 30.9. Guðmundi boð um að hann tryggði honum að hann þyrfti ekki að standa skil á söluskatti vegna þessara viðskipta, en Guðmundur hafði farið fram á að borgin greiddi fleiri skattliði, eins og t.d. tekjuskatt og útsvar. Guðmundur hafnaði tilboðinu umsvifalaust. Sagði hann fyrri tilboð sín gilda, þ.e. að annaðhvort greiddi borgarsjóður honum 3,1 milljón króna fyrir myndverkið eða 1.2 milljónir króna auk 8 málverka.

Borgarsjóður tjáði Guðmundi að hann hefði nú boðið honum eins og samningsumboð þeirra frekast leyfði og yrði ekki um frekari boð að sinni. Óskuðu fulltrúar borgarsjóðs þó eftir því að samningaumleitunum yrði ekki alveg slitið.

Fóru þeir þess á leit við Guðmund að þeir fengju að fylgjast með ef tilboð bærust í verkið sem Guðmundur teldi viðunandi og borgarsjóði þá gefinn kostur á að ganga inn í slíkt tilboð. Guðmundur vildi ekki að svo stöddu taka afstöðu til þeirrar beiðni.

— AB

Flutningaskipinu Mávinum siglt í strand á Vopnafirði:

„EINA LEIÐIN TIL AÐ FORÐA SKIPINU FRÁ ÞVÍ AÐ SÖKKVA"

— segir Sigurður Guðbjartsson, skipstjóri

■ Flutningaskipið Mávur, sigldi upp á land í innanverðum Vopnafirði um fimmleytið í gærmorgun. Giftusamlega tókst að bjarga 15 manna áhöfn skipsins, þrátt fyrir stólpabrim og erfiðar aðstæður.

„Við vorum á leiðinni út frá Vopnafirði og lentum uppi á skeri sem er í innsiglingarennunni utan við höfnina. Eftir um fimm mínútur var skipið laust af skerinu og hélt ég þá með skipið út á fjörð. Það var mikil kvika og þungur sjór og þegar út á fjörðinn kom varð ég þess var að skipið var farið að síga mikið og mikill sjór var kominn í tanka og lestar. Ég sá mér aðeins eina leið færa til að forða skipinu frá því að sökkva úti á firðinum en hún var að sigla því á land", sagði Sigurður Guðbjartsson, skipstjóri á Mávinum í samtali við Tímann í gær.

„Um sjö leytið komu svo björgunarsveitarmenn á vettvang og þeir voru búnir að koma öllum heilu og höldnu á land á innan við klukkutíma. Þeir eiga þakkir skildar fyrir vasklega framgöngu, því aðstæður voru mjög erfiðar".

„Skipið liggur núna undir áföllum á sandfjörunni í fjarðarbotninum, svo það er erfitt að segja um líkur til að hægt sé að bjarga því. En ég held að björgun muni reynast erfið, vegna þess að þarna er sandbotn og hætt við að skipið sogi sig fast niður í sandinn".

„Hér hafa verið menn frá tryggingafélagi skipsins, en þeir hafa ekki enn farið að skipinu, til að kanna aðstæður. Því enn er mikill sjór og erfitt um vik".

„Stærstur hluti áhafnarinnar fer flugleiðis til Reykjavíkur nú á eftir, en við verðum fjórir eftir hérna fyrir austan meðan verið er að kanna aðstæður", sagði Sigurður.

—Sjó



■ Í gær var tekinn upp sá háttur í innanlandsflugi Flugleiða að bjóða farþegum upp á hressingu. Er hér um að ræða litla pakka sem innihalda dós af ávaxtasafa, kex, súkkulaði og smurost. Á myndinni heldur ein Flugleiðarósin á kræsingunum. Tímamynd Ella

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti:

Vinnueftirlitið lokar hluta kennsluhúsnæðis

■ „Við fórum í Fjölbrautaskólann í Breiðholti í gær og innsigluðum sprautuklefann í smiðjunni" sagði Pétur Reimarsson hjá Vinnueftirliti ríkisins í viðtali við Tímann í gær.

Pétur sagði að aðdragandi þessarar lokunar væri orðinn talsvert langur, eða hálfs árs, því í byrjun apríl sl. hefði Vinnueftirlitið framkvæmt mjög ítarlega skoðun á þessum stað og þá hefði komið í ljós að sprautuklefinn og þurrkklefi væru ákaflega óhentugir. Pétur sagði að þegar nemendurnir væru búnir að sprauta hlutina þá legðu þeir þá í rekka til hliðar og þá færi fram mettuð uppgufun af þessum lífrænu leysiefnum sem væru í lakkinu.

Þetta sagði Pétur vera hættulegar eiturgufur og eins og að málum væri staðið í Fjölbraut, þá stæðu menn í þessum eiturgufum allan tímann sem þeir væru þarna inni.

Eins sagði Pétur að komið hefði í ljós að loftræsting í þessari smiðju væri óhentug.

Vegna ofangreindrar skoðunar hefði Vinnueftirlitið skrifað skólastjórninni bréf 8. apríl, þar sem bannað var að nota þennan lakkklefa og auk þess hefðu þeir hjá Vinnueftirlitinu gert kröfur í einum 15 eða 16 liðum, til úrbóta á vinnuaðstöðunni, auk þess sem þeir hefðu boðið upp á viðræður á milli Fjölbrautaskólans og Vinnueftirlitsins.

Pétur sagði að engin viðbrögð hefðu borist frá skólanum eftir þetta, og þegar farið hefði verið í skólann í gær, þá hefði komið í ljós að ekkert hafði verið gert. Það hefði því ekki verið um annað að ræða en að innsigla sprautuklefann.

Pétur sagði að varðandi aðrar úrbótakröfur, sem ekki hefðu verið teknar til greina, yrðu teknar ákvarðanir um frekari aðgerðir af hálfu Vinnueftirlits ríkisins í næstu viku.

—AB

Mistök í prentsmiðju

■ Vegna mistaka í prentsmiðju var Gerði Steinþórsdóttur ranglega eignuð greinin „Ofbeldi í framhaldsskólum" sem birtist í Tímanum í gær undir yfirskriftinni „Borgarmál". Haukur Ingibergsson skrifaði umrædda grein og yfirskriftin átti að vera „Meðal annarra orða" en sá þáttur Hauks er í Tímanum á föstudögum.

Samkomulag um skólamálin í Kópavogi:

Hluti Þinghólsskóla notaður fyrir framhaldsskóla

■ Skólanefnd Kópavogs hefur komist að samkomulagi um bráðabirgðalausn á húsnæðisvanda Menntaskólans í Kópavogi sem felur í sér að hluti Þinghólsskóla verður lagður undir framhaldsskóla.

Í bókun frá nefndinni segir meðal annars að menntun á framhaldsskólastigi í Kópavogi verði í samræmdum framhaldsskóla (fjölbrautaskóla) með eininga og áfangakerfi sem taki til starfa í upphafi næsta skólaárs, undir einni stjórn M.K. verði hluti þess skóla og húsnæðisvandi hans leystur til bráðabirgða svo við megi una.

„Ég tel afskaplega mikilvægt að skólanefnd hafi náð samkomulagi um stefnumörkun skólamála bæjarins þó að ekki sé farið út í flókin framkvæmdaratriði enda álít ég það verkefni bæjarstjórnar að vinna að þeim og við hljótum að treysta henni til að ráða fram úr þeim málum", sagði Hákon Sigurgrímsson, fulltrúi framsóknarmanna í skólanefnd.

„Í bókuninni felst í raun meginkjarni tillagna framhaldsskólanefndar. Enda var ágreiningur um aðalatriði ekki eins mikill og á horfði og menn báru gæfu til að komast að sameiginlegri niðurstöðu.

Að sjálfsögðu eru ekki allir ánægðir með bókunina. Kennarar þeirra skóla sem um er rætt eiga mikilla hagsmuna að gæta og mér er kunnugt um óánægju í þeirra hópi", sagði Hákon.

„Það sem mér finnst mikilvægast við þessa samþykkt skólanefndar er að ef hún verður stefnumarkandi fyrir skólamálaþróun bæjarins í framtíðinni. Að hún beinir framhaldsskólanum að fjölbrautasniði", sagði Ólafur Jens Pétursson, fulltrúi Alþýðubandalagsins í skólanefnd.

Sjó